

1701659 Berghella 2 – Breyting á lóð

Stekkur ehf sækir um breytt aðgengi að lóðinni með umsókn dags. 17.1.2017, útbúa nýtt inn- og útkeyrsluhlið og girða lóðina með 2 m hárrí girðingu skv. teikningum Gunnars Valdimarssonar dags. 10.1.2017.

Umsögn:

Samkvæmt Þjóðskrá (fmr.) er skráður eigandi fasteigna á lóðinni Reyðará ehf. Umsækjandi um byggingarleyfi skal vera skráður eigandi, nema fyrir liggi gilt umboð hans.

Breyting felur í sér breytta staðsetningu inn-/útkeyrslu á lóðinni Berghellu 2, auk þess sem óskað er eftir tveimur aðkomum í stað einnar (frá Berghellu og frá Hringhellu). Breytingin felur einnig í sér nýtt fyrirkomulag bílastæða á lóð.

Ekki er gerð athugasemd við staðsetningu nýrra inn-/útkeyrslu á lóð né hlið á lóðarmörkum við aðkomur. Lóðarhafi þarf að óska eftir breytingu á deiliskipulagi vegna áformanna.

Einnig er óskað eftir að girða lóðina af með 2 m hárrí vírnetsgirðingu með stálstoðum.

Á mæliblaði fyrir lóðina kemur fram kvöð um 2.5m. gróðurbelti á lóðarmörkum við götu. Í skilmálum gildandi deiliskipulags, *Hellnahraun-Athafnasvæði, 1. áfangi*, sem Berghella 2 heyrir undir er lögð áhersla á að lóðarfrágangur umhverfis byggingar verði til fyrirmyndar. Þar segir að gróður og trjábelti skuli vera minnst 2.5 m breitt á lóðarmörkum við götu. Í skilmálunum eru skýringarmyndir (3-7) með ýmsum valkostum um hvernig frágangi skal háttað. Lóðarhafar aðliggjandi lóða skulu hafa samráð um lóðarfrágang á sameiginlegum lóðarmörkum.

2 m há girðing á lóðarmörkum er byggingarleyfisskyld.

Guðrún Guðmundsdóttir, arkitekt/skipulagsfræðingur
Umhverfis- og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðar
06.02. 2017

Minnispunktur:

3 matshlutar á lóð. Tvö iðnaðarhús og eitt versl./skrifstofuhús. Eigandi: Reyðará ehf.

Starfsemi/fyrirtæki: USH sandblástur og málning ehf
Zinkstöðin Stekkur ehf